

Sjálfsmatsskýrsla



VARMAHLÍÐARSKÓLI

Sjálfsmatsskýrsla

2013-2014

Efnisyfirlit

SAMANTEKT NIÐURSTAÐNA OG ÁFORM UM ÞRÓUNAR- OG NÝBREYTNISTARF	2
INNGANGUR	3
UM VARMAHLÍÐARSKÓLA	4
MARKMIÐ SKÓLASTARFS	5
NEMENDUR	5
STARFSMENN	6
SJÁLFSMATSADFERÐ OG FRAMKVÆMD MATS.....	6
SJÁLFSMAT VETURINN 2013-2014.....	8
VINNA MEÐ LYKILHÆFNIPÆTTI	9
ÁÆTLUN SJÁLFSMATS 2013-2014.....	9
MATSÞÆTTIR OG NIÐURSTÖÐUR MATSHÓPA SKÓLAÁRIÐ 2013-2014	10
<i>Þróunaráætlun gg. 2.2</i>	<i>10</i>
<i>Þróunaráætlun gg. 5.9</i>	<i>11</i>
<i>Þróunaráætlun gg. 7.1</i>	<i>13</i>
<i>Þróunaráætlun gg. 7.2</i>	<i>14</i>
<i>Þróunaráætlun gg. 7.3</i>	<i>14</i>
<i>Þróunaráætlun gg. 9.1</i>	<i>15</i>
<i>Þróunaráætlun gg. 9.2</i>	<i>17</i>
<i>Þróunaráætlun gg. 9.3</i>	<i>18</i>
<i>Þróunaráætlun gg. 9.4</i>	<i>19</i>
ÞRÓUNARÁÆTLUN UM HÆFNIVIÐMIÐ FYRIR LYKILHÆFNI VIÐ LOK 7. BEKKJAR.....	23
KANNANIR	24
FORELDRAKÖNNUN	24
NEMENDAKÖNNUN	26
ÁRLEG SKIMUN STARFSFÓLKS.....	26
SAMANTEKT NIÐURSTAÐNA OG ÁFORM UM ÞRÓUNAR- OG NÝBREYTNISTARF	27
ÁÆTLUN UM INNRA MAT 2014-2017	29
VIÐAUKI 1 ÁRLEG SKIMUN	30
VIÐAUKI 2 EINKUNNASKALI.....	31

Samantekt niðurstaðna og áform um þróunar- og nýbreytnistarf

Skólastjóráskipti urðu í Varmahlíðarskóla í sumar. Freyja Friðbjarnardóttir var ráðin í júlíbyrjun 2013 og hóf störf í lok júlí. Ljóst er að þróunarstarf í vetur var ekki eins markvisst og æskilegt hefði verið m.a. af þeim sökum. Nú hefur verið rýnt í niðurstöður sjálfsmats og helstu kannana síðustu tveggja skólaára og hægt að draga upp þau atriði sem brýnt er vinna með næsta skólaár.

Áfram verður unnið að því að setja fram nýja skólanámskrá þar sem tekið er tillit til áherslu nýrrar Aðalnámskrár grunnskóla. Fullvinna þarf þær áætlanir sem eru á teikniborðinu auglýsa þær vel í skólasamfélaginu og hafa þær sýnilegar á heimasíðu skólans. Þar eru efst á blaði móttökuáætlanir, starfsmannahandbók, forvarnaráætlun, símenntunaráætlun og fl. Vinna þarf með á fundum og í smærri hópum hvernig starfshættir í skólanum eru. Rýnt verður í starfshætti, námshópastærðir, námsmat og ábyrgð nemenda á eigin námi með eigin markmiðasetningu til lengri og skemmri tíma. Hér verður stiklað á atriðum sem kannanir og annað mat leiddi í ljós:

Einelti jókst á milli skólaára og taka verður markvisst á því á fyrstu vikum skólaársins.

Náms- og starfsráðgjöf þarf að móta og stórbæta.

Setja þarf fram skýra stefnu skólans og sýn, með þátttöku starfsfólks, nemenda, foreldra/forsjáraðila og samstarfsstofnana.

- Auka ber skilvirkni teymisvinnu starfsfólks og auka ætti þverfaglega samvinnu starfsfólks innanhúss sem og við samstarfsaðila í samfélaginu.
- Forysta, stjórnun, þmt. fjármálastjórnun má vera skýrari.
- Leggja þarf meiri áherslu á nýbreytni- og breytingastarf.
- Setja þarf fram raunhæfa símenntunaráætlun sem tekur mið af niðurstöðum sjálfsmats auk áhuga einstaka starfsfólks.
- Vinna þarf áfram að þróun og vinnu með einstaklingsáætlanir fyrir bráðgera nemendur sem og þá sem eru með sérþarfir.
- Fylgja verður markvisst eftir niðurstöðum samræmdra könnunarprófa, greina sterka og veika þætti og útbúa aðgerðaráætlun sem unnið verður eftir.
- Skipuleggja þarf námsgögn, kennslugögn og ut anumhald á gögnum s.s. prófum og verkefnum.

- Stórbæta verður tölvukerfi og tækjabúnað í skólanum.
- Viðhalda verður því góða samstarfi sem verið hefur við nærsamfélagið og efla það enn frekar t.d. með því að bjóða íbúum að koma oftar í heimsókn og taka þátt fjölbreyttu starfi skólans.
- Auka ber upplýsingastreymi til foreldra og nemenda um gagnasöfnun og gagnavörslu um skólastarfið þ.m.t. um einstaka nemendur.
- Nemendur þrýsta á markvissari bekkjarfundi og umræður í nemendasamfélaginu, s.s. til að efla áhuga nemenda sjálfra á náminu, efla hjálpsemi, sanngirni og virðingu í skólastarfinu.

Inngangur

Öllum grunnskólum ber að framkvæma kerfisbundið sjálfsmat samkvæmt 35. og 36. grein grunnskólalaga. Hér má sjá grunnskólalögin á eftirfarandi slóð:

<http://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?ID=d43fd486-c36f-43b3-be74-8ed4e265dd93>

Með sjálfsmatinu fer fram viðtæk gagnaöflun um skólastarfið. Árangur skólans í einstökum þáttum er metinn þar sem markmið skólans eru lögð til grundvallar sem viðmið. Í matsferlinu eru sterkir og veikir þættir skólastarfsins dregnir fram. Leitað er leiða til að viðhalda sterku þáttunum og efla þá enn frekar. Brugðist er við veikum þáttum með því að setja fram þróunaráætlun sem felur í sér umbætur á viðkomandi þætti í skólastarfinu. Þannig á sjálfsmatið ætíð að stuðla að umbótum í skólastarfi. Tilgangur þess er fyrst og fremst sá að gera góðan skóla betri. Sjálfsmat skóla er því leið til að miðla þekkingu á skólastarfinu og er liður í þróun og vexti hvers skóla.

Varmahlíðarskóli hefur notað *Gæðagreinana*, sjálfsmatskerfi að skoskum uppruna, allt frá haustinu 2002. Skólaskrifstofa Skagfirðinga þýddi efnið *How good is our school* árið 1999. Árið 2010 var þriðja útgáfa af gæðagreinunum þýdd og nefnist hún *Gæðagreinar 2*. Gæðagreinarir hafa frá upphafi verið aðgengilegir öllu skólafólki, m.a. á vef fræðsluþjónustu Skagafjarðar. Sjá á eftirfarandi slóð <http://skolar.skagafjordur.is/gaedagreinar/>

Sjálfsmatsteymi var sett á laggirnar í upphafi skólaárs. Í því eiga sæti skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, fulltrúi kennara og fulltrúi starfsmanna ásamt kennsluráðgjafa. Hlutverk þess er að fylgja eftir matsáætlun skólans, rýna í matsþætti og hafa umsjón með eftirfylgni þróunaráætlana. Í vetur störfuðu í teyminu Helga Harðardóttir, Freyja Friðbjarnardóttir, Kristvina Gísladóttir, Guðbjörg Sigfúsdóttir og Ólafur Sindrason. Kennsluráðgjafi sér um fyrirlögn og úrvinnslu. Skólastjóri sér um árlega sjálfsmatsskýrslugerð. Á skólaárinu var unnið samkvæmt þriggja ára áætlun um innra mat skólans með sjálfsmatsaðferðum skólans, Gæðagreinum 2. Matsniðurstöður og leiðir til umbóta í þeim þáttum sem lagðir voru fyrir eru birtar í þessari skýrslu.

Um Varmahlíðarskóla

Varmahlíðarskóli er í Varmahlíð í Skagafjarðarsýslu og er rekinn af Sveitarfélaginu Skagafirði og Akrahreppi. Í Varmahlíð hefur verið skóli allt frá árinu 1944, en næstu tvo veturna var unglingskóli í Varmahlíð. Skólahald lagðist niður eftir þetta en hófst að nýju árið 1966 í leiguhúsnæði í Miðgarði ófullgerðum. Næstu ár var rekinn héraðsskóli í Miðgarði og kennt var í tveimur bekkjum. Núverandi skólahús var byggt á árunum 1973 - 1976 þegar tíu sveitarfélög í héraðinu, ásamt menntamálaráðuneytinu, sameinuðust um rekstur heimavistarskóla.

Árið 1974 tók skólinn til starfa í samræmi við grunnskólalögin sem þá voru í gildi. Hann starfar samkvæmt gildandi lögum um barna- og unglingafræðslu í landinu og hefur tekið breytingum samfara breytingum á þeim. Flestir urðu nemendur 167 og voru þá um 60 - 70 þeirra í heimavist. Heimavistin við skólann var lögð niður árið 1998. Upptökusvæði skólans er í stuttu máli Varmahlíð og dreifbýli í framanverðum Skagafirði en auk þess koma nemendur skólans frá öðrum svæðum. Frá haustinu 2006 hafa allir grunnskólánemendur úr Akrahreppi sótt skóla í Varmahlíð. Allir nemendur utan göngufæris við skólann eru í daglegum heimanakstri.

Allir bekkir eiga sína heimastofu. Tölvuver með 17 nettengdum tölvum er nýtt skv. sérstakri stofuúthlutun og kennslustundaskrá í noktun tölvutækninnar. Reynt hefur verið að flétta þá kennslu inn í kennslu í bóklegum greinum. Nemendum 8., 9. og 10. bekk er boðið upp á valáfanga sem hluta af námi. Nemendum í 10. bekk bauðst valáfangi UTN 103, í samvinnu við Fjölbrotaskóla Norðurlands vestra á Sauðárkróki og nýttu einstaka nemendur sér það. Auk þess stunduðu þrír nemendur 10. bekkjar nám í framhaldsskóla-áföngum í stærðfræði. Bókasafn eða upplýsingamiðstöð skólans liggur að tölvustofunni. Þar eru fjórar nemendatölvur sem eru samnýttar með tölvuverinu þegar það á við. Smíðar, heimilisfræði og málmsmíði eiga sínar sérgreinastofur. Það sem upp á vantar er sérstök aðstaða fyrir kennslu í náttúruvísindum, textílmennt og myndmennt.

Skólastarf hefst kl. 8:20 á morgnana. Skólabílstjórar eru sjö. Nokkuð er breytilegt milli vikudaga hve lengi er kennt. Á fimmtudögum eru tækifæri til félagsstarfa fyrir eldri nemendur og er nemendum ekið heim að þeim loknum. Þetta hefur verið nýtt aðra hverja viku í vetur vegna hagræðingar í rekstri. Einnig gefst eldri nemendum kostur á fjölbreyttu félagsstarfi á vegum Félagsmiðstöðvarinnar Friðar, utan Varmahlíðar. Diskótek eru haldin á fjögurra til sex vikna fresti fyrir eldri nemendur á vegum skólans. Haldnar eru tvær bekkjarskemmtanir fyrir hvern bekk á hverju skólaári í umsjón umsjónarkennara. Félagsstörf yngri nemenda hafa einnig verið í höndum umsjónarkennara. Foreldrafélag starfar við skólann og hefur það komið að starfi skólans með ýmsum hætti. Bekkjarfulltrúar foreldra voru kosnir á aðalfundi í haust og stóðu þeir að veglegri aðventugleði í lok

nóvember. Foreldrafélagið styrkti nemendur skólans með peningagjöf til tölvukaupa á skólaslitum í vor að upphæð kr. 100 þúsund.

Í mótuneyti skólans fá nemendur og þeir starfsmenn sem þess óska, morgun- og hádegisverð daglega og miðdegisdrykk á fimmtudögum. Kvöldmatur er einnig framreiddur þegar þörf er á.

Tónlistarskóli Skagafjarðar hefur um árabíl haft aðsetur í Varmahlíðarskóla. Eiga nemendur skólans kost á að sækja tónlistarkennslu á skólatíma. Í vetur sóttu 78 nemendur Varmahlíðarskóla tónlistarnám sitt á skólatíma. Er það talið auka gæði náms, fjölbreytileika í skólastarfi og telst til forréttinda að nemendur í dreifbýli eigi kost á að sækja tónlistarnám á skólatíma. Mikil og farsæl samvinna er á milli Varmahlíðarskóla og Tónlistarskóla Skagafjarðar.

Markmið skólastarfs

Nám er kjarni skólastarfs og efling náms í Varmahlíðarskóla er meginviðfangsefni starfsmanna hans. Vilji er til þess að rýna til gagns og finna leiðir til að vera í fremstu röð. Þróun starfshátta er órjúfanlegur hluti af starfi skólans. Vinnulag er sífellt til ígrundunar, fagleg forysta kennara er í lykilhlutverki og samráð og samstarf eru lykilþættir í starfinu. Varmahlíðarskóli skilgreinir sig sem sveitaskóla í nútíð og framtíð þar sem áhersla er lögð á fortíð með því að hafa heimabyggðina sem kjarna náms og miða viðfangsefni við það eftir því sem kostur er. Gætir þessa í skólastarfinu allt árið.

Nemendur

Í upphafi skólaárs voru nemendur 138 en í lok þess voru nemendur alls 135. Skipting í bekki er eins og hér segir:

1. bekkur	6 nemendur	Umsjón Lára Gunnús Magnúsdóttir
2. bekkur	6 nemendur	Umsjón Lára Gunnús Magnúsdóttir
3. bekkur	14 nemendur	Umsjón Sara Gísladóttir
4. bekkur	11 nemendur	Umsjón Hafdís Skúladóttir
5. bekkur	14 nemendur	Umsjón Birgitta Sveinsdóttir
6. bekkur	15 nemendur	Umsjón Sigrún Benediktsdóttir
7. bekkur	14 nemendur	Umsjón Sigríður Ólöf Sigurðardóttir
8. bekkur	19 nemendur	Umsjón Helga Rós Sigfúsdóttir
9. bekkur	22 nemendur	Umsjón Ólafur Atli Sindrason
10. bekkur	14 nemendur	Umsjón Helga Sigurðardóttir

Starfsmenn

Starfsmenn skólans voru 40 í vetur. Stjórnendur voru þrír, skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og deildarstjóri stoðþjónustu. Kennarar voru 19 í u.þ.b. 15 stöðugildum. Þar af eru tveir leiðbeinendur sem kenna verkgreinar. Við skólann starfa ritari, húsvörður og umsjónarmaður íþróttamannvirkja. Aðrir starfsmenn í íþróttahúsi eru þrír. Í mötuneyti starfa fjórir matráðar í 3.4 stöðugildum. Stuðningsfulltrúar voru fimm, þar af einn leikskólakennari. Skólaliðar eru fjórir í 3.4 stöðugildum. Kennsluráðgjafi hefur í vetur verið í 10% starfshlutfalli.

Sjálfsmatsaðferð og framkvæmd mats

Gert er ráð fyrir að allir þættir skólastarfsins séu metnir með aðferðum Gæðagreina yfir þriggja ára tímabil. Sérstök áætlun er gerð þar um og er hún birt í sérkafla hér í sjálfsmatsskýrslu. Kerfið er sveigjanlegt og auðvelt er að bregðast við og beina sjónum að einstökum þáttum í skólastarfinu þegar þörf krefur. Þannig getur áætlunin tekið breytingum í takt við skólastarfið á hverjum tíma.

Í Gæðagreinum 2 byggir líkanið á því að skólastarfinu sé skipt í ný lykilþætti, sem flestir eru síðan greindir í tvo eða fleiri undirþætti eða þemu.

- 1. Heildarárangur**
- 2. Áhrif á nemendur**
- 3. Áhrif á starfsfólk**
- 4. Áhrif á samfélagið**
- 5. Menntun**
- 6. Stefnumótun og áætlanagerð**
- 7. Starfsmannastjórnun og stuðningur við starfsfólk**
- 8. Samvinna og búnaður**
- 9. Forysta**

Þegar mat á einstaka gæðagreinum fer fram liggja ávallt fyrir þrjár grundvallarspurningar. Þær eru eftirfarandi:

- 1. Hvernig stöndum við okkur?**
- 2. Hvernig vitum við það?**
- 3. Hvað gerum við næst?**

Í Gæðagreinum 2 eru einnig settar fram sex lykilspurningar. Þær eru grunnur að lykilþáttunum nýu. Í viðauka 1 um gæðarammann má sjá flokkun á gæðagreinum m.t.t. þessara lykilspurninga. Sé leitað svara við einni af þessum lykilspurningum er leiðbeint um hvaða

Þætti skólastarfsins þarf að skoða, skv. gæðagreinunum. Gæðarammann má skoða á bls. 43 í Gæðagreinum 2 sjá [hér](#).

Lykilspurningarnar sex úr Gæðagreinum 2 eru eftirfarandi:

1. **Hvaða árangri höfum við náð?**
2. **Hversu vel mætum við þörfum skólasamfélagsins?**
3. **Hversu góða menntun veitum við?**
4. **Hversu góð er stjórnun skólans?**
5. **Hversu góð er forystan í skólanum?**
6. **Hverjir eru möguleikar okkar til framfara?**

Í Gæðagreinum 2 er einkunnaskali sem gerir ráð fyrir einkunnagjöf á bilinu 1-6. Sett eru fram viðmið um einkunnina 5 sem er *mjög gott* og einkunnina 2 sem er *slakt*. Hljóti skóli einkunnina 6 í einhverjum gæðagreini þarf starfið í þeim þætti að vera framúrskarandi á landsvísu og skólinn leiðandi á því sviði eða að matsaðilar telja það starf sem viðkemur tilteknum gæðagreini sé þess verðugt að útbreiða og kynna öðrum. Sjá einkunnaskala í viðauka 2.

Framkvæmd matsins:

Starfsmenn skólans vinna að matinu í matshópum, skipting fer eftir aðstæðum og matsþáttum hverju sinni. Hver matshópur ígrundar atriðin sem koma fram á matseyðublaðinu og getur gefið einkunn fyrir hvern lið ef hann kys svo. Það er hins vegar ekki markmið í sjálfu sér að hverjum lið sé gefin einkunn heldur að hópurinn komi sér saman um heildareinkunn fyrir öll atriðin sem koma fram í gæðagreininum sem liggur fyrir til mats.

Í matsvinnunni eru styrkleikar og þeir þættir sem þarfnast úrbóta í gæðagreininum dregnir fram og rökstuddir. Gjarnan er talað um „sönnunargögn“ í þessu tilliti. Í viðauka 5 í Gæðagreinum 2 eru dæmi um hvernig leita má sönnunargagna eða vísbendinga til að styðjast við í matinu. Matshópurinn setur einnig fram sameiginlega sýn á mikilvægi þáttanna í gæðagreininum.

Á matsblaðið eru settar fram tillögur um aðgerðir sem útfærðar eru nánar í þróunaráætlun sem unnin er í kjölfar mats. Í þróunaráætlun eru settar fram markmiðssettar umbótatillögur, þær tímasettar og tillögur gerðar um hverjir eigi að hafa umsjón með að þeim sé framfylgt. Viðmið eru einnig sett fram um hvernig meta eigi árangur umbótanna.

Draga má saman og skilgreina vinnubrögðin í mati með aðferðum Gæðagreinanna í fjórum skrefum:

1. *Skilgreining lykilþátta*, undirþátta eða þema eftir því sem við á.

2. **Skilgreining viðmiða**, hvað þarf til að standa undir einkunninni 5 og viðhalda henni. Einnig eru viðmið skilgreind fyrir einkunnina 2. Einkunnaskali frá 1-6 skilgreinir að auki gildi einkunna í matsvinnunni. Hæsta mögulega gefin einkunn er 6, eða **framúrskarandi**. Skotarnir gera ráð fyrir utanaðkomandi mati og staðfestingu á réttmæti slíkrar einkunnar þegar hún er gefin af starfsfólki skóla. Ekki er formlega unnt enn sem komið er hér á landi að kalla eftir slíkri endurgjöf utanaðkomandi aðila.
3. **Greining sterkra og veikra þátta**, umsögn og einkunnagjöf.
4. **Skilgreining leiða til að ná hámarkseinkunn**, eða að viðhalda henni. Stefnumótun í þróunaráætlun eftir því sem við á.

Nálgast má efni **Gæðagreina 2** á eftirfarandi slóð:

http://www.skagafjordur.is/default.asp?cat_id=5294

Nálgast má efni **How good is our school 3** á eftirfarandi slóð

<http://www.hmie.gov.uk/documents/publication/hgiosjte3.pdf>

Sjálfsmat veturinn 2013-2014

Á skólaárinu voru gæðagreinar lagðir fyrir til mats skv. þriggja ára matsáætlun. Í nóvember voru lagðir fyrir gæðagreinar 2.2 um árangur skólans í að efla foreldra, forráðamenn og fjölskyldur til þátttöku í skólastarf ásamt gæðagreini 5.9. um sjálfsmat sem undirstöðu umbótastarfs. Þá voru einnig lagðir fyrir til mats lykilþættir 7.1, 7.2 og 7.3 um starfsmenn, stjórnun og stuðning við starfsfólk. Öllum starfsmönnum var skipt niður í matshópa sem tóku fyrir mismunandi þætti matsins. Í febrúar voru lykilþættir 9.1 – 9.4 lagðir fyrir en þeir fjalla um forystu. Fleiri en einn matshópur fjallaði um hvern þátt.

Á haustmisseri tóku fulltrúar nemenda þátt í mati á skólastarfinu með aðferðum Gæðagreina. Matið fór fram með fulltrúum nemenda í 4. – 6. bekk annars vegar og fulltrúum nemenda úr 7. – 10. bekk hins vegar. Gæðagreinar 2.1 um námsreynslu nemenda var lagður fyrir til mats

Foreldrakönnun var lögð fyrir í janúar og var samráðsdagur heimila og skóla nýttur til þess. Könnunin var lögð fyrir foreldra í tölvuveri skólans og þátttaka í könnun afar góð. Könnunin var lögð fyrir foreldra nemenda í 2., 4., 7. og 10. bekk. Nemendakönnun var einnig lögð fyrir nemendum í 4., 7. og 10. bekk í maí. Árleg skimun á Gæðagreininum var lögð fyrir allt starfsfólk skólans, í þriðja sinn í maí. Fjallað er um kannanirnar og helstu niðurstöður í sérköflum hér á eftir.

Vinna með lykilhæfnipætti

Lögð var áhersla á að innleiða þætti í nýrri Aðalnámskrá og var ákveðið að setja hæfniviðmið um lykilhæfnipætti í lok hvers aldursstigs á gæðagreinaform. Segja má að lykilhæfnipættir séu nemendamiðuð útfærsla á grunnþáttum menntunar. Okkur lék hugur á að vita hvort skólastarfið hér uppfylli þau skilyrði að nemendum sé unnt að ná hæfniviðmiðum sem sett eru fram um lykilhæfni í Aðalnámskrá í lok hvers aldursstigs. Lykilhæfnipættir í Aðalnámskrá voru því settir upp á gæðagreinaform og allir starfsmenn skólans unnu að mati á því hvort **við notum fjölbreytta kennsluhætti og sköpum námsumhverfi þar sem nemendur geta blómstrað bæði náms- og félagslega m.t.t. hæfniviðmiða á hverju aldursstigi í lykilhæfnipáttum.** Í kjölfar mats unnu matshópar að umbótaáætlunum. Matsvinnan fór þannig fram að öllu starfsfólki var skipt í matshópa eftir því á hvaða stigi þeir unnu mest. Niðurstöður vinnu matshóps um lykilhæfnipætti við lok 7. bekkjar birtast hér síðast í þróunaráætlunum.

88

Áætlun sjálfsmats 2013-2014

Haustönn	Samráðsdagur með foreldrum í október
	Mat nemenda á skólastarfi í nóvember
	gg 2.2
	gg 5.9 Lykilþáttur 7
Vorönn	Samráðsdagur/ foreldrakönnun í janúar
	Lykilþáttur 9 í febrúar
	Samráðsdagur með foreldrum í apríl
	Mat nemenda á skólastarfi í apríl
	Árleg skimun starfsfólks í maí
	Nemendakönnun í maí
	Sjálfsmatsskýrsla í júní

Matsþættir og niðurstöður matshópa skólaárið 2013-2014

Hér á eftir eru settar fram niðurstöður mats úr þeim Gæðagreinum sem metnir voru á skólaárinu. Stuttlega gerð grein fyrir framkvæmd matsins, helstu niðurstöðum og áætlun um umbætur. Einnig er hægt að skoða viðmið um gæði fyrir hvern Gæðagreini fyrir sig eftir því sem við á.

Fyrri dagur í nóvember 2013. Hver þáttur metinn af einum matshópi starfsmanna.

Gæðagreinir 2.2

Einkunn: 4

Árangur skólans í að efla foreldra, forráðamenn og fjölskyldur til þátttöku í skólastarfi.

Próunaráætlun gg. 2.2

Matssamantekt:

Sterku hliðarnar okkar:

- Foreldrar taka virkan þátt í fundum og viðburðum.
- Foreldrar lýsa yfir ánægju með starf skólans í samtölum og könnunum.
- Foreldrar styðja börnin í því sem þau taka sér fyrir hendur á vegum skólans.

Það sem þarf að bæta:

- Skólinn skapar foreldum ekki næg tækifæri til að tjá sig um menntun og skólaþróun.

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

- Að foreldrar taki virkan þátt í skólastarfi og skólaþróun.

Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
Til dæmis halda „þjóðfund“ þar sem foreldrar, nemendur, starfsfólk og aðrir sem eru áhugasamir um skólann okkar koma saman og ræða málin.	Stjórnendur skólans í samvinnu við foreldrafélag.	2015.	Skipa nefnd sem skipuleggur gjörninginn.	Yfirfara hugmyndir og tillögur og koma þeim í framkvæmd, þá sjáum við væntanlegan árangur.
Við teljum að gaman væri að kanna hvort áhugi starfsfólks væri fyrir því að kynna sér uppeldisstefnur, t.d. Uppbyggingarstefna, Jákvæður agi og SMT. Taka upp?	Stjórnendur.	Í náinni framtíð.	Fjármagn.	Viðbrögð starfsfólks.

Gæðagreininir 5.9

Einkunn: 5

Sjálfsmat sem undirstaða umbótastarfs

Þróunaráætlun gg. 5.9

Matssamantekt:

Sterku hliðarnar okkar:

- Skólaráð hittist og ræðir t.d. námskrá og skólareglur.

- Kannanir, Gæðagreinar, fundir með foreldrum og nemendum.
- Teymisvinnan nokkuð góð en mætti skila meiru í betri eftirfylgni.
- Sjálfsmat okkar beinist að lykilatriðunum.
- Gæðagreininirinn er mjög gegnsær, kerfisbundinn og nákvæmur.
- Allt starfsfólk tekur þátt í sjálfsmati.
- Við notum gæðastaðlana við umbætur.
- Við greinum styrkleika okkar og sóknarfæri.
- Við vinnum með ýmsum í skólasamfélaginu t.d. eldri borgurum, leikskólanum og Hólaskóla.
- Allt starfsfólk tekur þátt í að bregðast við niðurstöðum sjálfsmats.

Það sem þarf að bæta:

- Mættum ræða formlega, hafa markvissa stefnu í þessum málum.
- Mætti vera betri samvinna við talmeinafræðing og sálfræðing.
- Vantar skýrari sýn og markmið þ.e. eitthvað handbært.
- Mættum vera duglegri að deila með öðrum því sem er til fyrirmyndar.
- Skólasamfélagið mætti vinna meira með okkur að framförum, – það mætti einnig vera duglegra að leita til okkar.

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

- Við þurfum að hafa sameiginlega sýn, stefnu og leiðarljós til þess að geta unnið með markvissum hætti.

Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
Stjórnendur og sjálfsmatsteymi þurfa að undirbúa vinnufundi með starfsfólki skólans og setja niður vinnufundaáætlun.	Stjórnendur.	Næsta haust.	Tíma og skipulag.	Sýnin orðin opinber og samþykkt af skólasamfélaginu.

Mönnun, ráðningar og stöðugleiki**Þróunaráætlun gg. 7.1****Matssamantekt:***Sterku hliðarnar okkar:*

- Við teljum að við höfum á að skipa nægu faglærðu og hæfu fólki við skólann og utanumhald sérfræðipjónustu sé gott.

Það sem þarf að bæta:

- Við teljum að ráðningarferli/kerfi þurfi að vera skilvirkara og gegnsærra.
- Við teljum að virkja þurfi móttökuáætlun fyrir nýtt starfsfólk og styðja við bakið á því þegar það hefur störf við skólann.
- Ekki er rætt kerfisbundið um að jafnrétti og sanngirni ríki.
- Jafna þarf hlutföll kynja við skólann.
- Við teljum að starfsmannaviðtöl vanti og stjórnendur mega vera duglegri við að hrósa starfsfólki, eigi það slíkt hrós skilið.

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

- Stöðugleiki í starfsmannahaldi og að skýr móttökuáætlun fyrir nýja starfsmenn verði virkjuð.

Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
Semja nothæfa og skilmerkilega móttökuáætlun.	Teymið/ stjórnendur.	Fyrir lok skólaárs.	Vilja og tíma.	Markmiðinu hefur verið náð þegar hægt er að sýna nýjum starfsmönnum áætlunina.

*Nýting mannafla og teymisvinna***Þróunaráætlun gg. 7.2****Matssamantekt:***Sterku hliðarnar okkar:*

- Vel er hugað að börnum með sérþarfir.
- Starfsmenn hafa metnað til að axla ábyrgð á krefjandi verkefnum.

Það sem þarf að bæta:

- Boðleiðir mættu vera skilvirkari. Upplýsingaflæði þyrfti að vera betra. Stjórnendur mættu vera sýnilegri.
- Stoðþjónustan (sérfræðingar) mætti koma meira að skólastarfinu og kynnst skjólstæðingum sínum betur. Gott væri að allir sem koma að kennslu og umönnun nemenda væru betur upplýstir um allt sem nemandann varðar. Fengju t.d. að sitja teymisfundi.

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

- Koma til móts við þarfir nemanda. Jákvæð samskipti og betra upplýsingaflæði.

Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
Laga upplýsingaflæðið.	Allir.	Þarf alltaf að huga að.	Hugarfars-sbreyting.	Finnst með bættem starfsanda.

*Starfsþróun og starfsmat/starfsmannaviðtöl***Þróunaráætlun gg. 7.3****Matssamantekt:***Sterku hliðarnar okkar:*

- Endurmenntun starfsfólks er auðsótt, t.d. vilji menn fara á ýmis námskeið. Endurmenntun síðustu ára hefur oft verið vel skipulögð og metnaðarfull (liður F), t.d. námskrágerð með Þóru Björk og Birnu frá H.A. þó að ekki hafi mikið varanlegt komið út úr því starfi.

Það sem þarf að bæta:

- Starfsmannaviðtöl eru fátíð og það er óviðunandi.
- Allir fimm meðlimir þessa starfshóps þekkja engin markmið né foðrgangsverkefni í starfsþróun skólans og komum við hver úr sínum geiranum. Höfum við slík markmið og forgangsverkefni?

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

- Fjölga þarf starfsmannaviðtölum við stjórnendur skólans.
- Auglýsa þarf endurmenntunaráætlun skólans.

Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
Halda starfsmannaviðtöl.	Skólastjóri.	Í lok febrúar á þessu ári, annars í lok nóv. ár hvert.	Kalla starfsmenn til formlegs viðtals.	

Febrúar 2014. Metið af tveimur vinnuhópum starfsmanna fyrir hvern greini á starfsmannafundi:

Gæðagreininir 9.1

Einkunn: 4 & 4

Sýn gildi og markmið

Þróunaráætlun gg. 9.1

Matssamantekt:

Sterku hliðarnar okkar:

- Við höfum upp á margt að bjóða varðandi fjölbreytileika í starfi okkar
- Höfum góðan aðgang að samfélaginu, t.d. íþróttahús, sundlaug, tónlistarskóli, leikskóli, framhaldsskóli, Smárinn, eldri borgarar á Löngumýri og margt fleira
- Þá er skólinn í miklu og góðu samstarfi við heimilin, t.d. með sveitadögum
- Við erum skóli án aðgreiningar og bjóðum öllum inn til okkar með sínar þarfir
- Vinnum ágætlega með foreldrum, nemendum og nærsamfélaginu
- Við stuðlum að jafnrétti og skóla fyrir alla

Það sem þarf að bæta:

- Það vantar upplýsingar varðandi kennsluhætti og uppeldisstefnur í skólanum fyrir hinn almenna borgara
- Vantar námskrá
- Markmið ekki nógu sýnileg og skýr
- Starfið mætti vera mótað af skýrari sameiginlegri sýn okkar, gildum og markmiðum
- Vinna í einkunnarorðum skólans og gera þau sýnileg bæði inni í skólanum og á heimasíðu. Einnig mætti tileinka skólanum sérstakan skólasöng
- Vinna í einkunnarorðum skólans og gera þau sýnileg bæði inn í skólanum og á heimasíðu.
- Einnig mætti tileinka skólanum sérstakan skólasöng.

Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
Klára skólanámskrá	Allir	Sem fyrst	Framkvæmd og vinnugleði	Skólanámskrá verður sýnileg öllum

*Forysta og framtíðaráform***Þróunaráætlun gg. 9.2****Matssamantekt:***Sterku hliðarnar okkar:*

- Margir eru opnir fyrir að kynna sér nýja kennsluhætti svo sem Orð af orði, Byrjendalæsi og Comeniusar-verkefni.

Það sem þarf að bæta:

- Stjórnendur og starfsmenn með forystuhlutverk mættu veita meiri endurgjöf, hvetja til fjölbreytni og vera sýnilegri í kennslustofum.

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

- Að hafa árangur nemenda að leiðarljósi með skýr markmið.

Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
Með fyrirhugaðri námskráargerð má reikna með að markmið skólans verði að veruleika	Starfsmenn og stjórnendur	Þegar námskráargerð er lokið		
Stjórnendur setji sér markmið um að heimsækja allar stofur með reglulegu millibili. einu sinni í viku	Stjórnendur	Alltaf í vinnslu	Tíma og vilja	Nemendur og starfsfólk vita að fylgst sé með vinnu sinni

Stjórnendur fundi með starfsmannahópum um fagleg mál s.s kennsluhætti í ákveðnum fögum og komi með leiðandi endurgjöf	Stjórnendur og starfsfólk	Alltaf í vinnslu	Fundartíma	Allir starfmenn séu öruggari í starfinu og hafi einhverja til að tala við um starfið
---	---------------------------	------------------	------------	--

Gæðagreinir 9.3

Einkunn: 5 & 5

Efling starfsmanna og samvinnu

Þróunaráætlun gg. 9.3

Matssamantekt:

Sterku hliðarnar okkar:

- Góð samvinna, samstarf er meðal starfsfólks. Hæfileikar hvers og eins eru metnir og reynt að hlúa að hverjum og einum
- Nám og kennsla eru lykilþáttur í skólastarfinu
- Samstarfið byggist á trausti og einlægri umhyggju
- Samábyrgð og stuðningur einkennir samskipti í öllu skólasamfélaginu
- Þróun stjórnunar- og kennsluhátta auk stuðnings hafa jákvæð samskipti að leiðarljósi
- Við hvetjum starfsfólks til dáða og gleðjumst yfir árangri

Það sem þarf að bæta:

- Samstarfið er ekki metið reglulega og engin markmið eru til fyrir skólann
- Teymin eru til en þróunin verður oft frekar lítil. Tíminn fyrir teymisfundina er oft lítill
- Við metum ekki samstarfið reglulega og markmiðið með því eru ekki skýr

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

- Nám og kennsla verður alltaf að vera lykilþáttur í þróun skólastarfs
- Stjórnendur verða að styrkja starfsmenningu þar sem starfsfólk og nemendur geta haft frumkvæði og sinnt leiðtogahlutverki innan og utan kennslustofunnar
- Að skapa starfsumhverfi sem styður einstaklinga við að deila með sér ábyrgð svo velgengi og árangur nemenda sé tryggður.

Tillögur um aðgerðir:

- Vinna vandaða starfsmannastefnu með sundurliðuðum markmiðum svo auðveldara sé að fylgjast með hvort árangur náist
- Rýna betur í starfsmanna- foreldra- og nemendakannanir sem reglulega eru lagðar fyrir.

Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
Meta og þróa betur samstarf starfsfólks	Sjálfsmatsteymi	Haustið 2015	Tíma – fundi	Sjálfsmat. (gæðagreinir 9.3)
Gera markmið fyrir skólann	Sjálfsmatsteymi	Haustið 2015	Tími – fundir	Markmið sett fram - eru í starfsmanna-handbók

Gæðagreinir 9.4

Einkunn: 5 & 4

Forysta um framfarir og breytingar

Þróunaráætlun gg. 9.4

Matssamantekt:

Sterku hliðarnar okkar:

- Samheldni og góður og jákvæður starfsandi
- Samrýmdur starfshópur sem hefur hagsmuni nemenda sinna að leiðarljósi

Það sem þarf að bæta:

- Starfsfólk fær lítið um utanaðkomandi breytingar að segja
- Við sem starfshópur erum enn fullföst í viðjum vanans og erfitt er að innleiða nýjungar og afrakstur þróunarstarfs

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

- Stöðugleiki í starfsmannahaldi, almennt. Metnaður í skólastarfi.

Tillögur um aðgerðir:

- Gefa stjórnendum og starfsfólki svigrúm til að setja sig betur inn í breytingar sem framundan eru
- Við erum hálfháðalaus yfir hvernig hægt er að hrista upp í hópi starfsfólks sem er fast í hjólförum. Drjúgur peningur og tími hefur farið í allskyns þróunarvinnu (þróunarvinna þóru Bjarkar og fyrri kollega hennar sem dæmi) en lítið hefur sést af árangri hennar.

Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
Mörkuð afgerandi stefna um skólastarfið/innra starf skólans og henni fylgt eftir	Skólastjórnendur	Fyrir næsta haust	Vilja, festu og kjark	Þegar afgerandi agi og festa einkenna skólastarfið

Niðurstöður matshóps og þróunaráætlun um lykilhæfnipætti við lok 7. bekkjar

Hæfniviðmið fyrir lykilhæfni við lok 7. bekkjar

Ábyrgð og mat á eigin námi

Einkunn: 4

Matssamantekt:

Sterku hliðarnar okkar:

- Markmiðasetning og sjálfstæð vinnubrögð.

Það sem má bæta:

- Markmiðasetningar mættu vera einstaklingsmiðaðri.

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

- Að gera nemendur sjálfstæðari og ábyrgari fyrir eigin námi.

Hæfniviðmið fyrir lykilhæfni við lok 7. bekkjar

Nýting miðla og upplýsinga

Einkunn: 5

Matssamantekt:

Sterku hliðarnar okkar:

- Þau tæki og miðlar sem við höfum aðgang að eru vel nýtt.

Það sem má bæta:

- Endurnýjun tækja mætti vera meiri auk þess sem nýjungar mættu koma fyrir inn í skólann.

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

- Fylgja þróuninni betur eftir og nýta áfram vel það sem við höfum.

Hæfniviðmið fyrir lykilhæfni við lok 7. bekkjar

Sjálfstæði og samvinna

Einkunn: 5

Matssamantekt:

Sterku hliðarnar okkar:

- Reynt er eftir fremsta megni að gera nemendur meðvitaða um eigið nám, samvinnu við kennara og aðra nemendur.

Það sem má bæta:

- Alltaf má gera gott betra.

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

- Að standa vel að baki hverjum nemanda stuðla að sjálfstæði hans og hvetja hann til samstarfs í leik og starfi.

Hæfniviðmið fyrir lykilhæfni við lok 7. bekkjar

Skapandi og gagnrýnin hugsun.

Einkunn: 5

Matssamantekt:

Sterku hliðarnar okkar:

- Kennsluhættir og námsumhverfi stuðla að því að nemendur geta lært af mistökum sínum, mega og geta tjáð sig með rökum.

Veiku hliðarnar okkar:

- Ættum við að gera kröfum um að nemendur setji fram áætlun um efnistösk.

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

- Að halda áfram því góða starfi sem unnið er í skólanum.

Hæfniviðmið fyrir lykilhæfni við lok 7. bekkjar

Tjáning og miðlun.

Einkunn: 5

Matssamantekt:

Sterku hliðarnar okkar:

- Nemendur fá að njóta sín í samvinnu með öðrum þar sem þeir fá að tjá skoðanir sínar og miðlað af þekkingu sinni.

Það sem má bæta:

- Hvetja nemendur á markvissari hátt til að tjá sig með ýmsum hætti s.s. í töluðu og rituðu máli.

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

- Tjáning og gagnrýnin hugsun eru mikilvægir þættir í skólastarfi og þarf að hlúa vel að þeim.

Þróunaráætlun um hæfniviðmið fyrir lykilhæfni við lok 7. bekkjar

<i>Hvað þarf að gera?</i>	<i>Hver á að gera það?</i>	<i>Hvenær á því að vera lokið?</i>	<i>Hvað þarf til?</i>	<i>Hvernig á að meta árangurinn?</i>
Tjáning og miðlun				
Stuðla að því að nemendur tjái sig í töluðu og rituðu máli.	Faggreinakennarar	Í sífældri þróun.	Meðvitaða kennara sem skilja mikilvægi þess að tjái sig á fjölbreyttan hátt.	Með símati og hlustun.
Skapandi og gagnrýnin hugsun				
Viðhalda sterku hliðunum og efla þær lakari. Vera meðvituð um mikilvægi hvers og eins.	Allir starfsmenn skólans.	Aldrei.	Jákvæði og vilja. Pollýönnu sjálfa.	Með því að leggja fyrir nemendur krefjandi verkefni sem krefur þá um skapandi og gagnrýna hugsun.
Sjálfstæði og samvinna				
Halda áfram að efla nemendur í leik og starfi.	Allir starfsmenn skólans.	Á stöðugt að vera í gangi.	Jákvæðni, gleði og vilji er það sem þarf.	Meðal annars með könnunum og tengslakönnunum.
Nýting miðla og upplýsinga				
Nýta áfram vel þá miðla og þau tæki sem við höfum	Skólayfirvöld.	Sem fyrst.	Peninga, þekkingu og góðan vilja.	Erum við í takt við tímann.

aðgang að. Fá ný tæki og fylgja þróuninni.				
Ábyrgð og mat á eigin námi				
Efla sjálfstraust nemenda og vinnubrögð. Skapa þeim það umhverfi sem þeir geta nýtt sér til markmiðasetninga.	Faggreinakennari í hverri grein.	Á að vera í sífelldri þróun.	Samvinnu kennara og nemenda auk ótakmarkaðrar þolinmæði og tíma.	Með símati.

Kannanir

Viðhorfakannanir eru lagðar fyrir reglulega. Slíkar kannanir styðja við sjálfsmat skólans og gefa vísbendingar um viðhorf til skólastarfsins á hverjum tíma. Árlega er könnun lögð fyrir foreldra nemenda í 2., 4., 7., og 10. bekk. Að þessu sinni var könnunin lögð fyrir foreldra á samráðsdegi í janúar. Nemendakönnun var lögð fyrir sömu árganga utan nemenda í 2. bekk. Árleg skimun var lögð fyrir starfsfólk skólans í maí.

Olweusarkönnun er lögð fyrir nemendur í 4.-10. bekk í nóvember ár hvert. Niðurstöður foreldra- og nemendakannana er að finna á vef skólans, <http://www.varmahlidarskoli.is/> undir hlekknum *skólastarfið*.

Kannanirnar á vegum skólans eru lagðar fyrir á rafrænu formi í könnunarforritinu *Lime survey*. Könnunarforrit þetta er svokallaður *open source* hugbúnaður og hefur tölvuumsjónarmaður Sveitarfélagsins Skagafjarðar, Jóhann Friðriksson, séð um að þýða það yfir á íslensku. Forritið er afar notendavænt og þægilegt í uppsetningu á könnunum og úrvinnslu þeirra. Slóðin að upplýsingum um forritið er <http://www.limesurvey.org/>. Umfjöllun um hverja og eina þeirra má sjá hér á eftir.

Foreldrakönnun

Foreldrakönnun var lögð fyrir foreldra/forsjáaraðila nemenda í 2., 4., 7. og 10. bekk á samráðsdegi í janúar. Könnunin var svarað í tölvuveri skólans og foreldrar 92% nemenda svöruðu.

Spurningar og svör úr könnuninni eru flokkaðar skv. Gæðagreinum 2. Þegar matsvinna fer fram er því aðgengilegt að nálgast sönnunargögn/vísbendingar í sjálfsmati úr þeim þáttum sem könnunin nær til. Foreldrar voru beðnir um að svara lykilsurningum um skólastarfið og þeim gafst jafnframt tækifæri til að rökstyðja val á svarmöguleikum með frjálsu textasvari.

Á heimasíðu skólans má sjá könnunina í heild og samburð við tvær síðastliðnar kannanir. Hér eru talin upp atriði í textasvörum foreldra sem fjallað verður um og tekin afstaða til við undirbúning og framkvæmd skólastarfsins næsta skólaár:

- Bætt skólanámskrá.
- Fjölbreyttara námsmat.
- Úrræði fyrir getumikla nemendur.
- Félagsstarf verði alltaf fyrir 7. bekk ásamt eldri bekkjunum.
- Fleiri félagsmáladagar.
- Tekið verði upp leiðsagnarmat.
- Takmarka heimanám.
- Bæta upplýsingaflæði til foreldra.
- Hafa samráðsdag einu sinni yfir veturinn án barnanna.
- Vantar náttúrufræði- tungumála- og myndmenntastofu.
- Danskennsla verði hluti af náminu.
- Leiksvæðið mætti vera stærra og fjölbreyttara.
- Sumir skólabílar aka of hratt og mæta of seint.
- Skólabílstjórar hafa reykt í bílnum.
- Leikskólabörn eiga ekki að fara með skólabílum.

Samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar sögðu allir foreldrar sem þátt tóku í könnuninni Varmahlíðarskóla ýmist vera *mjög góðan* eða *góðan* skóla. Í síðustu foreldrakönnun svöruðu foreldrar á sama veg. 100% segja skólastarfið svara *fremur vel* eða *mjög vel* þeim kröfum sem eðlilegt sé að gera til skóla í nútímasamfélagi. Sambærileg svörun við sömu spurningu frá fyrra skólaári var 96%. Einnig segja um 95% foreldra að barninu þeirra líði *alltaf vel* eða *oftast vel* í skólanum en svörun í fyrra var 98%. Viðhorf foreldra til umsjónarkennara barns þeirra er yfirleitt jákvætt, 73% þeirra svöruðu að viðhorfið væri *mjög jákvætt* (78% í fyrra) og 22% að viðhorfið væri *fremur jákvætt* (20% í fyrra).

Aginn í skólanum er að mati foreldra **góður** (63%) en 34% telja hann **sæmilegan**. Sambærilegar tölur í fyrra voru 65% og 27% en þá töldu 6% foreldra að aginn væri **hvorki góður né slæmur** eða **slæmur** en enginn núna. Þá má geta þess að 30% foreldranna líst **mjög vel** eða **fremur vel** á að leik- og grunnskóli starfi undir sama þaki (36% í fyrra) en 46% líst **fremur illa** eða **illa** á þá hugmynd (34% í fyrra). Í Heild má segja að niðurstöður úr foreldrakönnun hafi verið afar jákvæðar.

Nemendakönnun

Nemendakönnun var lögð fyrir nemendur í 4., 7. og 10. bekk í maí 2014. Tölur í sviga sýna niðurstöður úr könnuninni 2013.

Spurningarnar og svör eru flokkuð skv. Gæðagreinum 2. Gott aðgengi starfsfólks er því að sönnunargögnum/vísbendingum í sjálfsmati í þeim þáttum sem könnunin nær til. Niðurstöður úr könnuninni sýna m.a. að 92,5% (86%) nemenda segja að þeim líði **mjög vel** eða **vel** í skólanum. Að mati nemenda finnst 95% (89%) skólinn sinn vera mjög góður eða góður. Um 85 % (87%) nemenda finnst námsþörfum sínum vera sinnt **mjög vel** eða **vel**. Um 90% (92%) nemenda eru ýmist **ánægðir** eða **mjög ánægðir** með bekkinn sinn. Um 82% (75%) nemenda finnst þeir taka **mjög mikla** eða **mikla** ábyrgð á eigin námi og um 85% (92%) þeirra telja að nám þeirra í Varmahlíðarskóla undirbúi þá **mjög vel** eða **vel** undir framtíðina. Almennt má segja að nemendur gefi skólastarfi í Varmahlíðarskóla góðar umsagnir. Heildarniðurstöður úr nemendakönnun má sjá á heimasíðu skólans **hér**

Um 13% (10%) nemenda segjast hafa orðið vör við að nemandi eða nemendur hafi verið lagðir í einelti og 8% (5,4%) segja að þeir sjálfir hafi verið lagðir í einelti eða 3 (2) nemendur. Samkvæmt niðurstöðum Olweusarkönnunar jókst einelti úr 4% í 6% á milli skólaára og ljóst að taka þarf þessa þróun alvarlega og grípa til aðgerða samkvæmt því næsta haust.

Árleg skimun starfsfólks

Árleg skimun var lögð fyrir í annað sinn fyrir allt starfsfólks skólans í maí. Skimunin byggir á sjálfsmatskerfi skólans, Gæðagreinum 2. Hver starfsmaður gefur hverjum þætti

skólastarfsins einkunn skv. einkunnaskala Gæðagreina. Jafnframt gefst starfsfólki tækifæri til að rökstyðja einkunnagjöf sína í hverjum matsþætti með frjálsum textasvari. Þannig fæst betri yfirsýn yfir viðhorf starfsfólks til einstakra þátta skólastarfsins. Skimunin er lögð fyrir með rafrænum hætti. Þegar niðurstöður nú eru bornar saman við niðurstöður frá síðasta skólaári má sjá að yfir heildina litið eru þær afar jákvæðar. Margir þættir skólastarfsins fá nú hærri einkunnir en áður. Heildarniðurstöður skimunarinnar svo og samanburð við síðasta skólaár má sjá í viðauka 1. Einnig má þar sjá hlutfall þeirra sem gefa einkunnir á bilinu 4-6, þ.e. *Gott*, *Mjög gott* eða *Framúrskarandi*, í hverjum matsþætti.

Hér eru dregnar saman helstu niðurstöður úr skimuninni sem þarfnast úrbóta að mati starfsfólks:

- Þróun skólanámskrár sbr. Aðalnámskrá grunnskóla 2011.
- Áfram þarf að þróa og bæta námsmatsaðferðir.
- Huga þarf áfram að námsmenningu og fjölbreytni í náms- og kennsluáðferðum.
- Náms- og starfsráðgjöf þarf að móta og stórbæta.
- Setja þarf fram skýra stefnu skólans og sýn, með þátttöku starfsfólks, nemenda, foreldra/forsjáraðila og samstarfsstofnana.
- Auka þarf gæði þróunaráætlana og skilvirkni í eftirfylgni þeirra.
- Auka ber skilvirkni teymisvinnu starfsfólks.
- Þverfaglega samvinnu starfsfólks við samstarfsaðila má auka og bæta.
- Auka ber möguleika starfsfólks til starfsþróunar og endurmenntunar.
- Nýta skólahúsnæðið betur til að skapa hvetjandi og öruggt námsumhverfi.
- Forysta, stjórnun, þmt. fjármálastjórnun má vera skýrari.
- Leggja þarf meiri áherslu á nýbreytni- og breytingastarf.
- Efla þarf forystuhæfni og samvinnu starfsfólks og nemenda.
- Varðveisla upplýsinga greining, mat og nýting á þeim þarf að vera meiri og skýrari

Samantekt niðurstaðna og áform um þróunar- og nýbreytnistarf

Skólastjóraskipti urðu í Varmahlíðarskóla í sumar. Freyja Friðbjarnardóttir var ráðin í júlíbyrjun 2013 og hóf störf í lok júlí. Ljóst er að þróunarstarf í vetur var ekki eins markvisst og æskilegt hefði verið m.a. af þeim sökum. Nú hefur verið rýnt í niðurstöður sjálfsmats og helstu kannana síðustu tveggja skólaára og hægt að draga upp þau atriði sem brýnt er vinna með næsta skólaár.

Áfram verður unnið að því að setja fram nýja skólanámskrá þar sem tekið er tillit til áherslu nýrrar Aðalnámskrár grunnskóla. Fullvinna þarf þær áætlanir sem eru á teikniborðinu auglýsa þær vel í skólasamfélaginu og hafa þær sýnilegar á heimasíðu skólans. Þar eru efst á blaði móttökuáætlanir, starfsmannahandbók,

forvarnaráætlun, símenntunaráætlun og fl. Vinna þarf með á fundum og í smærri hópum hvernig starfshættir í skólanum eru. Rýnt verður í starfshætti, námshópastærðir, námsmat og ábyrgð nemenda á eigin námi með eigin markmiðasetningu til lengri og skemmri tíma. Hér verður stiklað á atriðum sem kannanir og annað mat leiddi í ljós:

- Einelti jókst á milli skólaára og taka verður markvisst á því á fyrstu vikum skólaársins.
- Náms- og starfsráðgjöf þarf að móta og stórbæta.
- Setja þarf fram skýra stefnu skólans og sýn, með þátttöku starfsfólks, nemenda, foreldra/forsjáraðila og samstarfsstofnana.
- Auka ber skilvirkni teymisvinnu starfsfólks og auka ætti þverfaglega samvinnu starfsfólks innanhúss sem og við samstarfsaðila í samfélaginu.
- Forysta, stjórnun, þmt. fjármálastjórnun má vera skýrari.
- Leggja þarf meiri áherslu á nýbreytni- og breytingastarf.
- Setja þarf fram raunhæfa símenntunaráætlun sem tekur mið af niðurstöðum sjálfsmats auk áhuga einstaka starfsfólks.
- Vinna þarf áfram að þróun og vinnu með einstaklingsáætlanir fyrir bráðgera nemendur sem og þá sem eru með sérþarfir.
- Fylgja verður markvisst eftir niðurstöðum samræmdra könnunarprófa, greina sterka og veika þætti og útbúa aðgerðaráætlun sem unnið verður eftir.
- Skipuleggja þarf námsgögn, kennslugögn og utanumhald á gögnum s.s. prófum og verkefnum.
- Stórbæta verður tölvukerfi og tækjabúnað í skólanum.
- Viðhalda verður því góða samstarfi sem verið hefur við nærsamfélagið og efla það enn frekar t.d. með því að bjóða íbúum að koma oftar í heimsókn og taka þátt fjölbreyttu starfi skólans.
- Auka ber upplýsingastreymi til foreldra og nemenda um gagnasöfnun og gagnavörslu um skólastarfið þ.m.t. um einstaka nemendur.
- Nemendur þrýsta á markvissari bekkjarfundi og umræður í nemendasamfélaginu, s.s. til að efla áhuga nemenda sjálfra á náminu, efla hjálpssemi, sanngirni og virðingu í skólastarfinu.

Áætlun um innra mat 2014-2017

Skólaár	2014-2015	2015-2016	2016-2017
Haustönn	Samráðsdagur með foreldrum í október	Samráðsdagur með foreldrum í október	Samráðsdagur með foreldrum í október
	Mat nemenda á skólastarfi í nóvember	Mat nemenda á skólastarfi í nóvember	Mat nemenda á skólastarfi í nóvember
	Lykilpáttur 6	Lykilpáttur 1, 2 og 3	Lykilpáttur 4
Vorönn	Samráðsdagur/foreldrakönnun í janúar	Samráðsdagur/foreldrakönnun í janúar	Samráðsdagur/foreldrakönnun í janúar
	Lykilpáttur 5	Lykilpáttur 8	Lykilpáttur 7 og 9
	Nemendakönnun febrúar	Nemendakönnun febrúar	Nemendakönnun febrúar
	Samráðsdagur með foreldrum í apríl	Samráðsdagur með foreldrum í apríl	Samráðsdagur með foreldrum í apríl
	Mat nemenda á skólastarfi í apríl	Mat nemenda á skólastarfi í apríl	Mat nemenda á skólastarfi í apríl
	Árleg skimun starfsfólks í maí	Árleg skimun starfsfólks í maí	Árleg skimun starfsfólks í maí
	Sjálfsmatsskýrsla í júní	Sjálfsmatsskýrsla í júní	Sjálfsmatsskýrsla í júní

Viðauki 1 Árleg skimun

Viðauki 1, árleg skimun starfsfólks vor 2014

	1 Ófullnægjandi	2 Slakt	3 Nægleglegt	4 Gott	5 Mjög gott	6 Framúrskarandi	Sýrur	Meðaleinkunn	% m eink 4-6 2014	% m eink 4-6 2013	% m eink 4-6 2012
Hver eru gæði námsrángurs nemenda að þínu mati?	0	0	0	11	13	1	25	4,60	100%	100%	92%
Á hvaða hátt finnst þér skólastarfið samræmast lögum og reglum m.t.t. vilja til að taka leiðsögn og fylgja tilræðum um starfshætti?	0	0	0	14	14	0	28	4,50	100%	97%	89%
Hvaða mat leggur þú á að hve miklu leyti áhugi nemenda er vakinn og þeir hvattir til virkrar þátttöku í eigin námi og þroska?	0	0	2	10	13	1	26	4,50	92%	93%	71%
Hvernig finnst þér þátttaka foreldra/forsjáraðila og fjölskyldna vera í starfi skólans?	0	1	0	16	11	0	28	4,32	96%	94%	83%
Hvernig metur þú skuldbindingu starfsfólks og virka þátttöku þess í starfi skólans?	0	0	0	7	23	1	31	4,81	100%	91%	97%
Hvaða mat leggur þú á umfang þátttöku skólans í nærsamfélaginu?	0	0	0	12	19	0	31	4,61	100%	94%	97%
Hvernig metur þú áhrif skólans á samfélagið í heild?	0	0	0	10	20	0	30	4,67	100%	91%	100%
Hvaða mat leggur þú á gæði skólanámskrárinna?	3	4	3	6	2	0	18	3,00	44%	44%	63%
Hvernig metur þú námsmenningu og fjölbreytni í náms- og kennsluáferðum?	0	1	5	11	9	0	26	4,08	77%	63%	78%
Á hvaða hátt finnst þér verkefni, viðfangsefni og úrræði mæta námsþörfum allra nemenda?	0	0	1	13	9	1	24	4,42	96%	86%	79%
Hvaða mat leggur þú á hvernig greiningu á námsþörfum nemenda er háttad?	0	0	1	9	13	0	23	4,52	96%	86%	96%
Hvaða mat leggur þú á hvernig einstaklingsnámskrám og stuðningsáætlunum er framfylgt í samræmi við ákvæði laga?	0	1	2	9	13	0	25	4,36	88%	86%	74%
Hvaða mat leggur þú á þær námsmatsaðferðir sem notaðar eru í skólanum?	0	1	3	14	7	0	25	4,08	84%	74%	54%
Á hvaða hátt myndir þú upplýsingar úr námsmati vera nýttar m.t.t. áframhaldandi úrvinnslu og þess að stuðla að bættu skólastarfi?	0	3	4	10	6	0	23	3,83	70%	71%	61%
Hvernig metur þú hvernig tekst til við að efla og viðhalda skólabrag sem stuðlar að árangri?	0	2	1	16	12	0	31	4,23	90%	94%	89%
Á hvaða hátt myndir þú lýsa samskiptum starfsfólks og nemenda?	0	0	0	4	23	4	31	5,00	100%	100%	96%
Á hvaða hátt finnst þér að stuðla sé að jafnrétti og sanngirni í skólastarfinu?	0	0	1	8	20	0	29	4,66	97%	94%	93%
Hvernig metur þú þátttöku foreldra/forsjáraðila í námi barna sinna og starfi skólans?	0	0	2	15	6	0	23	4,17	91%	86%	80%
Hvaða mat leggur þú á þær aðferðir og úrræði sem notuð eru í skólanum til að mæta tilfinningalegum, líkamlegum og félagslegum þörfum barna og ungmenna?	0	0	2	9	15	1	27	4,56	93%	97%	89%
Hvaða mat leggur þú á gæði náms- og starfsráðgjafar sem skólinn veitir?	4	7	0	7	3	0	21	2,90	48%	48%	65%
Hvernig metur þú hvernig unnið er að þróun og umbótum í skólastarfi í gegn um sjálfsmat?	0	0	6	11	5	0	22	3,95	73%	71%	70%
Hvaða mat leggur þú á hvernig skólastefnu okkar er viðhaldið svo hún stýri starfi sem leiðir til aukins árangurs fyrir nemendur og veiti þannig skjóra og hnitriðaða leiðsögn?	0	3	4	11	2	0	20	3,60	65%	73%	71%
Hversu virk finnst þér þátttaka starfsfólks, nemenda, foreldra og samstarfsstofnana vera um stefnumótun og áætlanagerð í skólastarfinu?	0	3	7	10	5	0	25	3,68	60%	66%	59%
Hvaða mat leggur þú á mótun þróunaráætla, framkvæmd þeirra og eftirfylgni?	0	6	2	11	1	0	20	3,35	60%	50%	43%
Hvaða mat leggur þú fagmennsku og hæfni starfsfólks skólans?	0	0	2	8	16	1	27	4,59	93%	97%	93%
Hvernig metur þú hvernig umsjón er um velferð starfsmanna m.t.t. ábyrgðar, réttar og umhyggju?	0	1	2	16	9	0	28	4,18	89%	81%	69%
Hvaða mat leggur þú á nýtingu mannafla bæði starfsmanna innan skólans og sérfræðinga utan skólans?	0	0	6	12	11	0	29	4,17	79%	97%	68%
Hvaða mat leggur þú á skilvirki teymisvinnu starfsfólks og samstarfsaðila?	0	2	4	14	3	1	24	3,88	75%	73%	71%
Hvaða mat leggur þú á möguleika starfsfólks til starfsþróunar og endurmenntunar?	0	3	5	13	6	0	27	3,81	70%	61%	69%
Hvernig metur þú gæði þverfaglegar samvinnu og samstarfs skólans við samstarfsaðila (s.s. aðrar menntastofnanir, samfélagið, sérfræðipjónusta, atvinnurekendur, sveitarstjórn)?	0	1	4	11	3	0	19	3,84	74%	73%	70%
Hvernig metur þú fjármálastjórnun skólans?	0	5	4	7	3	0	19	3,42	53%	67%	36%
Á hvaða hátt finnst þér húsnaði skólans, aðbúnaður og aðstaða vera nýtt til að skapa hvetjandi og öruggt námsumhverfi?	2	2	2	17	4	0	27	3,70	78%	65%	54%
Hvaða mat leggur þú á hvernig skólinn varðveitir, greinir, metur og nýtir upplýsingar úr skólastarfinu til að efla nám og auka árangur nemenda?	0	1	7	10	3	0	21	3,71	62%	83%	76%
Hvernig metur þú samhlóm nemenda, foreldra, starfsfólks og nærsamfélagsins um sýn, gildi og markmið skólans?	0	0	3	14	10	0	27	4,26	89%	97%	81%
Hvernig metur þú forystu um framtíðarþróun skólastarfs sem byggð er á grunni sýnar, gilda og markniða skólans í þeirri viðleitni að ná framúrskarandi árangri?	0	4	3	13	3	0	23	3,65	70%	90%	74%
Hvernig finnst þér unnið að eflingu forystuhæfni og samvinnu starfsfólks og nemenda?	0	2	6	12	4	0	24	3,75	67%	69%	75%
Hvaða mat leggur þú á forystu og stjórnun er beinist að sköpun, nýbreytni og breytingastarfi?	0	2	5	11	3	0	21	3,71	67%	63%	75%
Hvert er mat þitt á eigin fagmennsku í starfi?	0	0	1	16	9	0	26	4,31	96%	93%	93%
Hvaða mat leggur þú á aðbúnað og aðstöðu mótuneytis í Varmahlíðarskóla þ.m.t. eldhúsaðstöðu, matsals nemenda og hreinlætis- og umhverfissjónarmiða?	0	1	1	7	17	2	28	4,64	93%	94%	96%
Hvaða mat leggur þú á hollustugildi máltíða og fjölbreytni í fæðuframboði í mótuneyti skólans?	0	0	2	6	16	4	28	4,79	93%	88%	59%
Hvaða mat leggur þú á hvernig umhverfissjónarmið eru í heiðri höfð í skólastarfinu (s.s. flokkun sorps, innkaup, fræðsla til nemenda og starfsfólks um umhverfisvernd)?	1	0	0	6	19	3	29	4,76	97%	100%	79%
Hvernig líður þér á vinnustað?	0	0	2	8	15	3	28	4,68	93%	91%	96%

Viðauki 2 Einkunnaskali

6	Framúrskarandi	Framúrskarandi eða leiðandi á sínu sviði
5	Mjög gott	Afar sterkur þáttur
4	Gott	Mikilvæg atriði yfirleitt sterk en ákveðin atriði gætu orðið betri
3	Nægilegt	Sterk atriði rétt ná að vega meira en slök
2	Slakt	Mikilvæg atriði slök
1	Ófullnægjandi	Afar slakur þáttur

Skólastarf er hægt að meta út frá margvíslegum forsendum. Við þurfum að hafa í huga að þegar við gefum okkur einkunn með gæðastöðlum erum við að nota fagþekkingu okkar fremur en tæknilega úrvinnslu. Þrátt fyrir það ættu eftirfarandi almennar leiðbeiningar ávallt að vera notaðar.

Matið **framúrskarandi** er notað að uppfylltum skilyrðum fyrir framúrskarandi árangri á tilteknu sviði þar sem skólinn er leiðandi á sínu sviði á landsvísu. Námsreynsla nemenda og árangur þeirra eru framúrskarandi. Matið **framúrskarandi** er gefið fyrir framúrskarandi gæði skólastarfs og er dæmi um bestu framkvæmd/verklag og er þess verðugt að útbreiða/kynna til aðila utan skólans. Það felur í sér að hágæða skólastarf er sjálfbært og verður við haldið.

Matið **mjög gott** á við um þegar skólastarf einkennist af styrkleika. Mjög fá sóknarfæri eru til umbóta og engin atriði sem sýnilega rýra námsreynslu nemenda. Þrátt fyrir að matið **mjög gott** merki mikil gæði í kennslu og starfi ættu allir að geta náð því. Það felur í sér að skólastarf geti haldið áfram án meiriháttar breytinga. Þrátt fyrir það eru þær væntingar gerðar til skólans að hann nýti hvert tækifæri til umbóta og kappkosti að verða framúrskarandi.

Matið **gott** á við um starf sem einkennist af styrkleika mikilvægra atriða sem saman vega greinilega meira en atriði sem þarf að bæta. Matið **gott** gefur vísbendingar um að þeir styrkleikar sem dregnir eru fram hafi greinilega jákvæð áhrif. Þrátt fyrir það eru gæði námsreynslu nemenda skert á einhvern hátt á atriðum þar sem umbóta er þörf. Það bendir til að skólinn ætti að leitast við að skjóta styrkari stoðum undir styrkleika samhliða því að grípa til aðgerða gagnvart þeim sviðum sem þarfnast umbóta.

Matið *nægilegt* á við um að sterk atriði rétt ná að vega meira en slök. Matið *nægilegt* gefur til kynna að nemendur njóti grunnþjónustu. Það greinir frá aðstæðum þar sem styrkleikar hafa jákvæð áhrif á námsreynslu nemenda. Þrátt fyrir að veikleikar séu ekki það mikilvægir að þeir hafi stöðug neikvæð áhrif þrengja þeir þó að gæðum námsreynslu nemenda þegar á heildina er litið. Matið bendir til að skólinn ætti að grípa til aðgerða vegna veikra þátta með því að byggja á styrkleika sínum.

Matið *slakt* gefur til kynna að sum atriði séu sterk, en mikilvæg atriði slök. Almennt má búast við því að matið *slakt* komi fram í fjölda aðstæðna. Þrátt fyrir að sjá megi einhverja sterka þætti eru mikilvæg atriði slök og munu annað hvort á stöku stað, eða þegar þau eru tekin saman, skerða námsreynslu nemenda verulega. Matið bendir á þörfina á skjótum, skipulögðum og virkum aðgerðum af hálfu skólans.

Matið *ófullnægjandi* gefur til kynna að mikilvæg atriði skólastarfs séu slök og þarfnist tafarlausra úrbóta. Námsreynsla nemenda er í hættu í veigamiklum atriðum. Í nánast öllum tilfellum þarf starfsfólk, sem ber ábyrgð á starfi sem leiðir til matsins *ófullnægjandi*, á stuðningi skólastjórnenda að halda við að skipuleggja og hrinda í framkvæmd nauðsynlegum umbótum. Þetta getur falið í sér að vinna með öðru starfsfólki eða samstarfsstofnunum utan skólans sé nauðsynleg.